


Tennissamband Íslands



Mættir: Helgi, Gunnar, Þrándur, Bragi og Júlíana.

Fundarefni:

- 1. Styrkir:** ITF styrkir 600 þús. vegna Davis cup, 400 þús. til ungra og efnilegra tennisspilara, 320 þús. aukastyrkur frá lottó, 300 þús. frá afrekssjóði og 300 þús. frá Olympíufjölskyldunni. Þessir styrkir koma sér vel fyrir TSÍ.
- 2. Fiölmiðlar:** Rúv og mbl. birtu á netinu frétt um tenniskonu og tennismann ársins, einnig um úrslit í jólamótinu sem og meistaramótinu núna í janúar.
- 3. Jólamótið og meistaramótið:** Almenn ánægja með þau mót, samt umræða um að of stutt sé á milli mótanna og allt jólafríð hjá börnum og unglingum fari í að keppa. Kemur einnig illa út fyrir eldri spilara sem eru í vinnu.
- 4. Dómaramál:** Ánægja með að hafa dómgæslu en spurning um að hafa línudómara í úrslitaleikjunum, helst fjóra, því kvörtun barst til TSÍ um að dómgæslan sjálf hafi ekki verið nógu góð. Í þeim leikjum sem aðeins er einn dómari, þá skulu spilarar sjálfir dæma en dómari hefur ætíð síðasta orðið ef hann telur dóm spilara rangan.
- 5. Hegðun í leik:** Vanvirðing og leiðinleg hegðun eiga ekki að líðast. Þjálfarar gegna þarna mikilvægu hlutverki og þurfa að leggja ríka áherslu á íþróttamannlega framkomu. Spilarar sem eiga við hegðunarvandamál að glíma eiga lítið erindi í mót. Það þarf að endurskoða hegðunarreglur TSÍ. Ákveðið að yfirfara reglurnar og setja upp stórt plagg inn í Tennishöll sem er vel sýnilegt öllum spilurum. Fá þjálfara einnig til að leggja áherslu á hegðunarreglurnar rétt fyrir mót.
- 6. Stigalistinn:** Huga þarf að því hvort það þurfi að leiðrétta stigalistann vegna stigamóta sem haldin eru á meðan spilarar eru erlendis á vegum TSÍ.
- 7. Val á landsliði:** Það þarf að skoða vel hvernig TSÍ stendur að þessu vali. Er eðlilegt að spilarar keppi ekkert héraðs en fari sjálfgefið út á stórmót því þeir voru bestir? Á þá að telja þá áfram besta án þess að þeir þurfi að hafa fyrir því að keppa um sæti í liðinu? Það er óeðlilegt að spilarar geti lifað endalaust á fornri frægð.
- 8. Áskorendakeppnin:** Það þarf að stokka þetta eitthvað upp varðandi efsta flokkinn, alltaf sömu spilarar að keppa á móti hverjum öðrum og því spurning um að hafa einhverja þjálfun á þessum tímum, eins og t.d. að taka uppgjafir í gegn. Hugmynd um að hafa þetta frekar á 3 vikna fresti og hafa meira „professional“, tvö sett og super tiebreak, einnig kom upp hugmynd að keppa líka í tvíliðaleik.
- 9. Rætt um að efla tengsl okkur á erlendri grundu:** Helgi mun ræða við Hrvoje um hvað myndi hjálpa okkur best, ef til vill væri ráðlegt að fara á næsta ITF ársþing.